

# Ungmennasambandið Úlfljótur

89. ársþing



Haldið í Golfskálanum á Höfn

7. apríl 2022

## **Stjórn USÚ 2021**

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður

Jón Guðni Sigurðsson, ritari

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Ásta Steinunn Eiríksdóttir, varamaður

Hannes Halldórsson, varamaður

## **Stjórn styrktar- og afrekssjóðs USÚ**

Auk formanns og gjaldkera eru í stjórninni Jóhann Kiesel (fyrir GHH), Bryndís Björk Hólmarsdóttir (fyrir Hestamannafélagið) og Íris Heiður Jóhannsdóttir (fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð).

## **Skoðunarmenn reikninga**

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Katrín Guðmundsdóttir.

Til vara: Anna Halldórsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson.

## **Aðildarfélög USÚ**

Ungmennafélagið Sindri

formaður: Gísli Már Vilhjálmsson

- Badmintondeild
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Kraftlyftingadeild
- Körfuknattleiksdeild
- Rafíþróttadeild
- *Skíðadeild – ekki starfandi*
- Sunddeild

Ungmennafélagið Máni

formaður: Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir

Hestamannafélagið Hornfirðingur

formaður: Magnús Skúlason

Golfklúbbur Hornafjarðar

formaður: Gestur Halldórsson

Ungmennafélag Öræfa

formaður: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Akstursíþróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Jón Kjartansson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Ingólfur Guðni Einarsson

Klifurfélag Öræfa

formaður: Árni Stefán Haldorsen

*Ungmennafélögin Hvöt, Valur og Vísir eru ekki starfandi*

## **Dagskrá 89. ársþings USÚ**

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
7. Álit kjörbréfanefndar.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins og afgreiðsla þeirra.
9. Útnefning íþróttamanns ársins 2021 og veiting hvatningarverðlauna.

### **Þinghlé**

10. Hlutverk íþróttahéraða.
11. Ávörp gesta.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Kosning.
  - a. Kosning stjórnar
  - b. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
  - c. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
  - d. Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara.
16. Önnur mál.
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

## Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2021

88. ársþing USÚ var haldið þann 1. júní í Mánagarði eftir að hafa verið frestað frá því í apríl vegna samkomutakmarkana. Alls mættu 28 fulltrúar af 49 sem var ágætis mæting miðað við þær takmarkanir sem voru í samfélaginu. Stjórnin gaf öll kost á sér til endurkjörs að undanskildum Hjálvari Jens Sigurðssyni sem settið hafði sem varamaður. Í hans stað var Hannes Halldórsson kjörinn varamaður.

Engin verðlaun voru veitt fyrir hönd USÚ að þessu sinni þar sem lítil starfsemi hafði verið í Íþróttahreyfingunni árið 2020. Þær Bryndís Björk Hólmarsdóttir og Þorbjörg Gunnarsdóttir veittu starfsmerki UMFÍ viðtöku fyrir störf sín í þágu ungmennahreyfingarinnar og þá var Sigurði Óskari Jónssyni veitt silfurmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu hreyfingarinnar.

Stjórnin mætti á þá fundi og þing sem henni bar á árinu sem ýmist voru á fjarfundarformi eða í raunheimum. Fyrri hluti 75. Íþróttþings ÍSÍ var settur þann 7. maí í fjarfundi og fór svo síðari hluti hans fram í Gullhömrum þann 9. október. Þá höfðu orðið breytingar í starfsliði ÍSÍ þar sem Líney Rut Halldórsdóttir hafði látið af störfum sem framkvæmdarstjóri og Andri Stefánsson tekið tímabundið við starfi hennar þar til hann var ráðinn í starfið í desember sl. Helgina 15.-17. október fór sambandsþing UMFÍ fram á Húsavík og átti USÚ tvo fulltrúa þar. Sigurður Óskar hlaut endurkjör í stjórn UMFÍ og gegnir nú starfi ritara. Í kjölfar þingsins var Jóhanna Íris sett í nefnd sem fjallar um endurskipulagningu á lottótekjum og hlutverk og framtíð íþróttahéraða. Á þinginu urðu formannskipti á stjórn UMFÍ þegar Haukur Valtýsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu og var Jóhann Steinar Ingimundarson kjörinn nýr formaður. Formannafundur ÍSÍ var með minna sniði en oft áður þar sem stutt var á milli síðari hluta Íþróttþingsins og formannafundarins og fór hann fram í fjarfundi.

Í október fengum við góða heimsókn þegar Sigurbjörg Sigurpálsdóttir, Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs hélt kynningu á sínu starfi. Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ kom einnig sama dag og hélt kynningu fyrir USÚ og Sindra á Fyrirmyndarfélögum og Fyrirmyndarhéruðum ÍSÍ, sem við munum heyra meira um hér síðar á þinginu. Óhætt er að segja að mjög góð mæting var á þennan viðburð.

USÚ veitti styrki á árinu úr bæði Styrktar og afrekssjóði og úr aðalsjóði. Að styðja við starfið innan okkar félaga er okkur mikilvægt og höfum við reynt að hafa það að leiðarljósi að styrkirnir nýtist grasrótinni og félögunum eða iðkendunum best. Ég vil ítreka mikilvægi og

þakka fyrir framlag sveitarfélagsins í Styrktar og afrekssjóðinn því með aðkomu þess getum við veitt styrki sem virkilega skipta máli.

Vinna í nefnd um endurskipulagningu á lottótekjum innan okkar íþróttahéraðs kláraðist ekki á árinu eins og vonir stóðu til. Ýmsar ástæður eru fyrir því svo sem samkomutakmarkanir. Við vonumst þó til þess að geta klárað þessa vinnu fljótt.

Nú þegar að við sjáum fram á bjarta tíma þegar íþróttahjólin eru farin að snúast á eðlilegan máta viljum við þakka ykkur öllum fyrir ykkar óeigingjarna starf í þágu ykkar félaga, sérstaklega á erfiðum og skrítnum tímum síðastliðin tvö ár. Það hefur mætt mikið á mörgum ykkar við að halda starfinu gangandi og að sækja það fjármagni sem þurft hefur þar sem margir styrktaraðilar hafa þurft að draga saman segl sín. Við minnum á heimasíðu okkar usu.is þar sem hægt er að finna lög og reglur sambandsins, upplýsingar um styrktarumsóknir og annan fróðleik. Einnig er mikið af upplýsingum á heimasíðum ÍSÍ og UMFÍ sem og reglur um styrkveitingar.

Um leið og við óskum Golfklúbbsi Hornafjarðar til hamingju með breytingarnar á húsinu sínu viljum við þakka ykkur öllum fyrir að mæta á þetta 90 ára afmælisþing og minnum í leiðinni á að saman erum við öflugri.

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður USÚ

## **Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2021**

Á árinu 2021 var einu sinni úthlutað úr sjóðnum.

Þessi hlutu styrki:

Snæbjörg Guðmundsdóttir hlaut 350.000 kr. styrk f.h. sona sinna tveggja sem eru á fullu í íþróttum. Guðmundur Reynir er á fullu í fótbolta og Friðrik Snær í hestamennsku.

## Ársreikningur USÚ 2021

	2021	2020
Rekstrartekjur		
Lottó	9.284.875	8.253.416
Getraunir	460.863	479.258
Aðrar tekjur	22.000	36.000
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>9.767.738</b>	<b>8.768.674</b>

1)

2)

Rekstrargjöld		
Lottó til aðildarfélaga	8.448.806	5.723.436
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	528.051	357.715
Auglýsingar og heimasíða	38.134	18.630
Verðlaun	0	28.400
Ferða- og fundakostnaður	83.180	76.050
Styrkir	1.000.000	779.258
Annar mótakostnaður	22.000	36.000
Annað	0	4.879.700
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>10.120.171</b>	<b>11.899.189</b>

3)

4)

5)

2)

6)

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-352.433	-3.130.515
----------------------------------	----------	------------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	12.756	21.383
Fjármagnstekjuskattur	-2.806	-4.703
<b>Fjármagnsliðir alls</b>	<b>9.950</b>	<b>16.680</b>

Hagnaður/Tap	-342.483	-3.113.835
--------------	----------	------------

Efnahagsreikningur 31.12.2021

Eignir		
Bankainnistæður	7.526.240	7.868.723
<b>Eignir alls</b>	<b>7.526.240</b>	<b>7.868.723</b>

Eigið fé	5.167.953	4.489.532
----------	-----------	-----------

Skuldir		
Ógreitt lottó til aðildarfélaga v. áramót	2.358.287	3.379.191
Ógreiddir reikningar	0	0
<b>Skuldir alls</b>	<b>2.358.287</b>	<b>3.379.191</b>

<b>Skuldir og eigið fé 31.12.2021</b>	<b>7.526.240</b>	<b>7.868.723</b>
---------------------------------------	------------------	------------------

## Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2021

	2021	2020
Rekstrartekjur		
Lottó	528.051	357.715
Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafirði	560.000	450.000
Aðrir styrkir	0	0
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>1.088.051</b>	<b>807.715</b>

Rekstrargjöld		
Styrkir	350.000	700.000
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>350.000</b>	<b>700.000</b>

<b>Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði</b>	<b>738.051</b>	<b>107.715</b>
-----------------------------------------	----------------	----------------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	26.478	42.751
Fjármagnstekjuskattur	-5.825	-9.405
<b>Fjármagnsliðir alls</b>	<b>20.653</b>	<b>33.346</b>

<b>Hagnaður/Tap</b>	<b>758.704</b>	<b>141.061</b>
---------------------	----------------	----------------

Efnahagsreikningur 31.12.2021

Eignir		
Styrktar- og afrekssjóður	6.664.936	5.906.232
<b>Eignir alls</b>	<b>6.664.936</b>	<b>5.906.232</b>

<b>Eigið fé</b>	<b>6.664.936</b>	<b>5.906.232</b>
-----------------	------------------	------------------

Skuldir		
<b>Skuldir alls</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

<b>Skuldir og eigið fé 31.12.2021</b>	<b>6.664.936</b>	<b>5.906.232</b>
---------------------------------------	------------------	------------------

## Skýringar

- 1) Hlutur USÚ í getraunastarfsemi í héraðinu. Samkvæmt 3. efnisgrein 7. gr. laga um getraunir, nr. 59/1972, fær stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.
- 2) Hlutur USÚ í iðkendagjaldi FRÍ og þau tilfelli þegar keppandi frá USÚ skráir sig sjálfur á frjálsíþróttamót og greiðir ekki þáttökugjaldið. Reikningur er þá sendur til USÚ, sem rukkar svo frjálsíþróttadeild Sindra.
- 3) Greitt er fyrir hýsingu á usu.is annað hvert ár.
- 4) Ferða og fundakostnaður er oftast meiri á oddatöluárum, því þá halda bæði UMFÍ og ÍSÍ sín ársþing.
- 5) Körfuknattleiksdeild Umf. Sindra fékk styrk upp á 1.000.000 kr. árið 2021 og 300.000 kr. árið 2020.
- 6) 2020 – hlutdeild aðildarféлага í rekstrarafgangi ULM2019, auk kostnaðar við fyrirlestur.



Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ



Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.



Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.



## Lög Ungmennasambandsins Úlfljóts

### 1. gr. Heiti:

Sambandið heitir Úlfljótur, skammstafað USÚ.

### 2. gr. Sambandssvæði:

Heimili og varnarþing sambandsins er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

### 3. gr. Hlutverk:

Hlutverk sambandsins er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSí, en sérráð sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
3. Að varðveita og skipta milli félaganna því, sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn sambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

### 4. gr. Tilgangi náð:

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með eflingu íþróttá og með því að starfa að þeim þjóðnytjamálum sem það telur sér fært að sinna.

### 5. gr. Réttur til aðildar:

Rétt til þátttöku í USÚ hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra í samræmi við lög USÚ, ÍSí og UMFÍ.

### 6. gr. Umsókn um aðild:

Umsóknir um inngöngu í sambandið sendist stjórn USÚ ásamt lögum viðkomandi félags, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá. Stjórnin úrskurðar um inngöngu sem þó skal staðfesta á ársþingi. Úrsögn úr USÚ er því aðeins gild að félagið sé skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem ekki hafa sent skatt eða skýrslu í tvö ár samfleytt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg við lög þessi. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi. Sambandsfélögin greiða skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert.

### 7. gr. Ársþing:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt þingboð (síðara þingboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélögunum með síðara þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

### 8. gr. Fulltrúar á ársþing:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing þannig að einn fulltrúi komi fyrir hverja 25 skattskylda félaga. Fulltrúar skulu aldrei vera færri en tveir frá hverju félagi. Eftir að fjórum fulltrúum er náð skal vera 1 fyrir hverja 50 skattskylda félaga. Tala félagsmanna skal miðuð við síðustu áramót og eru 16 ára og eldri skattskyldir. Á ársþingi hafa allir sambandsaðilar málfrelsi og tillögurétt, en aðeins stjórn og fulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnin getur boðið öðrum aðilum þingsetu er hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi á ársþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

### 9. gr. Störf þingsins

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins, og afgreiðsla þeirra.
10. Ávörp gesta.
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosning.
  - Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara.
  - Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Skulu þeir jafnframt vera skoðunarmenn reikninga aðildarfélaganna (nema þau kjósi eigin skoðunarmenn reikninga)
  - Kosning fulltrúa á Ípróttaping (ÍSí þing).
  - Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara, sem starfa skulu fram að lokum næsta ársþings.
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

#### **10. gr. Aukaping:**

Aukaping má halda ef meirihluti stjórnar telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur aðildarfélaga óskar þess. Tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaping eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

#### **11. gr. Kjör stjórnar og hlutverk kjörnefndar:**

Hlutverk kjörnefndar er að gera tillögur um menn í stjórn og varastjórn. Framboðum til stjórnar og varastjórnar skal skila til kjörnefndarinnar tveimur vikum fyrir ársþing. Auglýst skal eftir framboðum með fyrra þingboði. Stjórn USÚ skal skipuð þannig að aldrei séu fleiri en tveir stjórnarmenn frá sama félagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir ársþing, þ.e. formaður, ritari og gjaldkeri. Fráfarandi formaður boðar til þess fundar. Stjórnarfundi skal halda minnst 4 sinnum á ári.

#### **12. gr. Hlutverk stjórnar:**

Stjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga innan þeirra marka sem lög og þingsamþykktir setja. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til ÍSí og UMFÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er þingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess. Félög er ekki standa skil á skýrslum og öðrum skuldbindingum gagnvart sambandinu fá ekki úthlutað úr sjóðum þess svo sem Lottósjóði eða öðrum, fyrr en úr hefur verið bætt.

#### **13. gr. Nefndir:**

Nýkjörin stjórn skal tilnefna þær nefndir er hún telur þörf á að skipa, og skulu þær starfa með stjórninni.

#### **14.gr.**

Sambandið og aðildarfélag þess skulu veita skattayfirvöldum allar upplýsingar um starfsmannagreiðslur og aðrar greiðslur skv. skattalögum hverju sinni.

### **15. gr. Lagabreytingar:**

Lögum þessum má aðeins breyta á ársþingi með minnst 2/3 hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru.

### **16. gr.**

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ (eins og við á).

### **17. gr. Gildistaka:**

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og falla jafnframt öll eldri lög úr gildi við samþykkt þeirra.

*Lögum þessum var síðast breytt á 87. ársþingi USÚ, 2. júní 2020.*

## **Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ**

### **1. grein**

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

### **2. grein**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirski afreksmenn til æfinga og keppni og einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandssvæðinu. Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélögum USÚ forgangs.

### **3. grein**

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 2 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarfélaga sem ekki eiga stjórnarmenn og einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Fulltrúar USÚ skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

### **4. grein**

Tekjur sjóðsins verða:

- Ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. reglugerð hverju sinni.
- Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Frjáls framlög sem sjóðnum berast.

### **5. grein**

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur innkomu hans á hverju ári.

### **6. grein**

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni.

### **7. grein**

Til þess að sækja um styrk þarf að senda stjórn USÚ umsókn, í samræmi við auglýsingu hverju sinni. Umsóknir sem berast á öðrum tímum skulu geymdar til næstu úthlutunar.

### **8. grein**

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

### **9. grein**

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

### **10. grein**

Funda skal sem fyrst eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

### **11. grein**

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Síðast breytt á 85. ársþingi USÚ, 12. mars 2018

## **Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ**

15% – USÚ

5% - Styrktar og afrekssjóður USÚ

Það sem eftir stendur skiptist á milli félaga í þessum hlutföllum:

58% – Ungmennafélagið Sindri

9% – Ungmennafélagið Máni

9% – Golfklúbbur Hornafjarðar

9% – Hestamannafélagið Hornfirðingur

5% – Ungmennafélag Öræfa

5% – Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu

5% – Akstursíþróttafélag Austur-Skaftafellssýslu

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Reglum þessum má einungis breyta á ársþingi með 2/3 hluta greiddra atkvæða

*Þessari reglugerð var síðast breytt á 87. ársþingi USÚ, 2. júní 2020.*

# Starfskýrslur aðildarfélaga

## Skýrsla aðalstjórnar Umf. Sindra

Kæra stjórnarfolk, félagsmenn, iðkendur og gestir, ég býð ykkur velkomin á aðalfund Ungmennafélagsins Sindra. Nú er 87. starfsári félagsins að ljúka og virðist sem við höfum loksins sagt skilið við Covid og þær takmarkanir sem því hafa fylgt og þá loksins sjáum við vonandi fram á að starf félagsins færist í eðlilegt horf.

### Starfið á árinu

Starfið á árinu 2021 var að miklu leyti undirlagt COVID-19 takmörkunum líkt og árið á undan með einhverjum breytingum þó og óumflýjanlega hafði það áhrif á allt starf félagsins. Nú horfum við björtum augum til komandi tíma og vonum að þetta ár verði allar áhorfendastúkur fullar af stuðningsfólki félagsins og geri okkur einnig kleift að endurvekja þær fjáraflanir sem forgörðum hafa farið og eru deildum okkar gríðarlega mikilvægar í tekjuöflun. Ný deild var stofnuð innan félagsins á árinu, badmintondeild, og eru æfingar hafnar í íþróttahúsinu. Vinna við að fá viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag hófst á árinu og er í fullum gangi og ef allt gengur upp ættum við að uppfylla öll skilyrði seinna á þessu ári. Gunnhildur og Jói ætla bæði að segja skilið við stjórnarsetu í bili og bið ég ykkur að þakka þeim fyrir vel unnin störf með lófataki.

### Heimasíðan

Heimasíða félagsins fékk yfirhalningu á árinu og þykir mér vel hafa tekist til. Þar er að finna fréttir úr starfi félagsins og hægt að nálgast ýmsar upplýsingar á auðveldan hátt. Einhverju á enn eftir að bæta inn og er vinna við það enn í gangi.

### Ritnefnd

Vinna er hafin við ritun sögu Sindra og styrkumsóknir vegna verkefnisins eru í gangi. Við bindum vonir við að einhverjir styrkir fáist svo hægt sé að halda störfum við ritunina áfram án hlés og væri gaman ef útgáfan væri samhliða 90 ára afmæli félagsins.

### Bílamál

Svo við höldum í hefðirnar þá verðum við að minnst á bílamálin en aldrei þessu vant þá eru þau jákvæð. Félagið á tvo 9 manna bíla og stendur til að endurnýja annan þeirra á þessu ári og munum við reyna að halda því fyrirkomulagi til framtíðar að bílarnir séu endurnýjaðir á tveggja til þriggja ára fresti svo iðkendur geti ferðast á öruggan máta. Einnig er hér 17 manna rúta frá Bílaleigu Akureyrar, en sá bíll hefur verið mikið notaður frá því hann kom á staðinn.

### Starfið fram undan

Nú er að hefjast 88. starfsár félagsins og ef guð og lukkan lofa þá verður það án sóttvarnatakmarkana. Ég vona að við sem hér erum og aðrir verði duglegir að mæta á keppnir og viðburði í sumar og styðji vel við bakið á öllum okkar keppendum í öllum greinum.

Áfram Sindri!

Gunnar Örn Reynisson, formaður Ungmennafélagsins Sindra

## Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Sindra

Síðasta keppnisár var með svipuðu sniði og árið áður. Íslandsmótið hófst í byrjun maí hjá flestum flokkum og síðustu leikir voru í lok september. Covid-19 setti að auðvitað strik í reikninginn hjá okkur eins og öðrum, þar sem áhorfendur á leikjum voru bannaðir um tíma ásamt því að einhverjum leikjum var frestað vegna smita í öðrum liðum. Okkar fólk tók þessu þó af æðruleysi og lét þetta lítið á sig fá. Yngriflokkastarfið er í miklum vexti og höfum við lagt mikið upp úr því að vera með góða og menntaða þjálfara og við teljum framtíðina bjarta í fótboltanum hér á Hornafirði. Við höfum verið í góðu samstarfi við Neista á Djúpavogi sem hefur gert mikið Sumarmótin fyrir yngriflokkana voru haldin víðsvegar um landið og létu okkar krakkar sig ekki vanta á þau, enda mikil gleði sem fylgir því að fara á stór mót og hitta jafnaldra á keppnisvellið.

Humarhátíðarballið hefur verið stór þáttur í fjáröflun fyrir deildina en vegna samkomutakmarkana þurftum við að fella það niður annað árið í röð með tilheyrandi tekjumissi. Við eigum þó góða bakhjarla að sem styðja okkur, bæði eru þetta styrktaraðilarnir okkar sem hafa stutt okkur til margra ára með allskyns hætti og svo eru það stuðningsmennirnir sem ætíð eru mættir til að hvetja liðið áfram á allan þann hátt sem þeir gera best og kunnum við öllu þessu fólki bestu þakkir fyrir.

Hjá meistaraflokkunum var líka nóg að gera. Því miður þá var einungis spiluð einföld umferð hjá meistaraflokki kvenna og því var sumarið frekar skrítið því langt var á milli leikja. Stelpurnar enduðu um miðja deild og teljum við það mjög ásættanlegt en við ætlum okkur mun lengra nú í sumar og ég hvet ykkur til að mæta á völlinn og styðja okkar frábæra lið mfl kvenna. Meistaraflokkur karla komst á gott skrið upp úr miðjum maí og vorum við farin að finna lyktina af því að komast upp í 2.deild en því miður þá tókst það ekki núna og enduðu strákarnir í 4. sæti sem er mjög góður árangur. Eins og stelpurnar þá ætla strákarnir sér meira á komandi sumri. Til gamans má geta þess að næsta sumar ætlum við líka að vera með lið í 4.deildinni. Það lið mun keppa undir merkjum Mána en verður að upplagi strákar úr Sindra. Svo ég monti mig nú aðeins þá vil ég segja frá því að meistaraflokkur karla hlutu háttvísisverðlaun KSÍ 2021 og við erum ákaflega stolt, bæði af þeim og eins starfinu sem hefur skilað okkur þessum háttvísi og þróðu krökkum, bæði stelpum og strákum. Milli jóla og nýárs þá vorum við með knattspyrnskóla sem þeir Óli Stefán og Jóhann Bergur eiga heiðurinn af. Mikill fjöldi barna og unglinga sótti skólann sem stóð í 3 daga. Stefnan er að gera þennan skóla að árvissu verkefni.

En það er samt ekki allt best á Hornafirði. Aðstaðan er ekki alveg boðleg. Nú er KSÍ að lengja tímabilin í báða enda og sem dæmi þá eiga bæði 3.flokkur kkv og kvk heimaleiki hér á Sindravöllum nú í mars en eins og gefur að skilja þá er ekki möguleiki fyrir okkur að spila þá hér, þar sem við höfum ekki gervigrasvöll og þurfum því að ferðast í alla heimaleiki með tilheyrandi kostnaði fyrir félagið að ég tali nú ekki um fyrir fjölskyldur. Við vonumst til þess að bæjaryfirvöld skoði málið með okkur og að við getum fundið lausn sem allra fyrst því þessar breytingar hjá KSÍ eru komnar til að vera og á næsta ári þá mun 4.flokkur byrja að spila Íslandsmótið svona snemma. Við erum virkilega spennt fyrir komandi sumri og vonumst til að sjá sem flesta í stúkunni.

Áfram Sindri

## Skýrsla yngriflokkaráðs Sindra í knattspyrnu

Yngriflokkaráð

Tölvupóstfang: yngriflokkar@umfsindri.is

Ingólfur Reynisson, Formaður

Eva Birgisdóttir, gjaldkeri

Guðrún Ása Jóhannsdóttir ritari

### Ársskýrsla kraftlyftingadeildar Sindra

Engin starfsemi var á vegum Kraftlyftingadeildar Sindra á árinu 2021.

Ástæður fyrir því voru Covid takmarkanir og takmörkuð aðstaða til lyftinga. Beðið er eftir aðstöðu á vegum sveitarfélagsins og er vonast til þess að ef úr rætist að þá verði hægt að hefja reglubundnar æfingar.

F.H. stjórnar Kraftlyftingadeildar

Kristján Vilhelm Gunnarsson

### Skýrsla blakdeildar Sindra

Í byrjun árs var ný stjórn skipuð í Blakdeildinni og við tóku Jóhanna Björg, sem formaður, Lilja Rós sem gjaldkeri og Hanna Björg sem fulltrúi yngri keppanda Blakdeildarinnar og ritari. Við þökkum fráfallandi stjórn fyrir vel unnin störf á liðnum árum.

Eins og gefur að skilja þá var 2021 heldur óeðlilegt ár, en sökum Covid 19, var lítið um formlega fundi hjá stjórninni og meira um óformlegt fundahald, sem haldið var í gegnum netið. Fyrsta verk nýrrar stjórnar var að huga að nýjum þjálfara fyrir deildina, og kláraði Aida G. Vicente (Aida) tímabilið fyrir sumarfrí. Þurftum við þó að ljúka því eitthvað fyrir sökum hertrar sóttvarnaaðgerða stjórnvalda. Við þökkum Aidu fyrir virkilega góð störf sem þjálfari og óskum henni velfarnaðar í náinni framtíð.

Eftir sumarfrí, þá fengum við inn nýja þjálfara til liðs við okkur. Að þessu sinni var ákveðið að fá Theódór Óskar Þorvaldsson (Teddi) til þess að taka við karla flokknum okkar og svo fengum við Cristina Ferreira (Cristina) sem þjálfara í kvennaflokki ásamt því að sjá um þjálfun yngri flokka deildarinnar. Viljum við þakka Körfuknattleiksdeild. Sindra fyrir hana, en hún er eiginkona þjálfara þeirra, Israel Martín Concepción.

Yngriflokkar Blakdeildarinnar sendu lið á Íslandsmót U16 og var þetta fjölmennasti hópur sem við höfum farið með á mót með yngriflokka. Mótið var haldið í október og var mótshaldari Afturelding. Þátttakendur stóðu sig mjög vel á mótinu og var bæting þeirra frá síðasta móti veruleg.

Kvennaflokkurinn tók þátt í Austurlandsriðlinum, sem var sárabót BLÍ, vegna Íslandsmótsins sem féll niður vegna Covid. Þeim gekk mjög vel á því móti og enduðu í Toppsæti mótsins. Einnig fengum við 2 heimaleiki og vakti það mikla lukku stjórnar hvað komu margir áhorfendur ásamt því að sjá spilara frá yngri flokkum sem voru í hópi áhorfenda að hvetja af fullum krafti. Æfingar hafa gengið mjög vel og

mætingin er virkilega góð í bæði karla og kvenna flokki. Er að meðaltali 12-16 spilarar á æfingum hjá hvoru liði. Einnig gengur það þokkalega að halda inni spilurunum í „unglingahóp“ yngrideildar en gengur þó mun brösuglegar að fá yngri spilarana á æfingar. Það gæti þó breyst með tímanum þegar við hættum að hafa Covid hangandi yfir okkur.

Ég vil þakka meðstjórnendum fyrir frábært ár þrátt fyrir krefjandi aðstæður og hlakka til komandi árs.

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, formaður

## Skýrsla stjórnar Körfuknattleiksdeildar Sindra

### Stjórn 2021

Stjórn körfuknattleiksdeildar árið 2021 skipuðu Elías Tjörvi Halldórsson formaður, Ottó Marwin Gunnarsson gjaldkeri, Þorgrímur Tjörvi Halldórsson ritari ásamt þeim Björgvini Erlendssyni, Skúla Ingibergi Þórarinssyni og Guðrúnu Ósk Gunnarsdóttur sem meðstjórnendum.

### Meistaraflokkur karla

Starf meistaraflokks karla var óvenjulegt sökum kórónuverirufaraldurs eins og árið 2020. Tímabilið einkenndist af þétu leikplani sökum stöðvunar á keppni í október haustið áður. Fyrirkomulag á keppni var því með aðeins breyttu sniði um vorið. Aftur þurfti að fresta keppni á Íslandsmótinu í lok mars en það stóð stutt yfir og hófst keppni aftur í lok apríl. Sindri endaði tímabilið í þriðja sæti deildarinnar, sem var besti árangur liðsins til þess, komst í úrslitakeppni 1. Deildar en datt því miður út í fyrstu umferð. Keppni í Vís bikarnum var frestað fram á haust en Sindri datt út í 8-liða úrslitum gegn úrvalsdeildarliði ÍR á heimavelli.

Pedro Garcia Rosado þjálfari sagði upp störfum í lok tímabilsins til þess að róa á önnur mið, en um mitt sumar var reynsluboltinn Israel Martín Concepción ráðinn til starfa sem þjálfari meistaraflokks karla og að auki sem yfirþjálfari yngri flokka. Israel Martín er öllum íslenskum körfuknattleiksunnendum þekktur, en hann kom fyrst til Íslands árið 2014 og hefur áður þjálfað lið Tindastóls og Hauka í Dominos deild karla. Israel hefur komið mjög sterkur inn í starf deildarinnar og hefur meistaraflokkur karla alla burði til þess að komast aftur í úrslitakeppni 1. deildar. Liðið samanstendur sem áður af sterkum hópi aðkomumanna og góðum kjarna heimamanna.

Tímabilið 2021 – 2022 hefur verið áskorun vegna fyrrnefnds faraldurs þó að ekki hafi þurft að stöðva keppni á Íslandsmótinu. Takmarkanir á áhorfendafjölda á leikjum hafa gert róðurinn erfiðari en allt horfir nú til bjartari vegar og vonast er eftir því að faraldrinum sé að ljúka.

### Yngri flokkar

Fráfarandi formaður Hjálmar Jens Sigurðsson tók til starfa sem formaður yngri flokka og hefur hann leitt það starf með miklum krafti. Starf yngri flokka hefur eflst milli ára. Fjöldi iðkenda hefur aukist og góð mæting og ástundun hefur verið hjá flestum flokkum.

9. Flokkur komst í úrslitakeppni á vordögum og voru Sindramennirnir Birgir Leó Halldórsson og Erlendur Björgvinsson valdir í æfingahóp fyrir U15 landslið drengja. Keppni hjá öllum flokkum um haustið fór fram með tiltölulega eðlilegum hætti þótt að þurft hafi að blása einstaka mót af vegna smita. Nettómót Austurlands í körfuknattleik var haldið í Icelagoon Höllinni í byrjun nóvember en þar mættu um 100 börn úr 1.-6. Bekk á austurlandi til keppni. Markmiðið með mótinu er að styrkja körfuboltastarf á Suðaustur og Austurlandi og gefa börnum færi á að keppa við sína jafnaldra og kenna grunnatriðin í keppni. Skemmst er frá því að segja að mótið heppnaðist með ágætum og frábært að sjá hvað



krakkarnir skemmtu sér vel. Mjög jákvæð stemning var í kringum mótið, foreldrar gengu í hin ýmsu störf með bros á vör og leikmenn meistaraflokks Sindra sáu um dómgæslu. Það er því ljóst að körfuboltaframtíðin er björt og mikið um sóknarfæri.

### **Meistaraflokkur kvenna og annað starf**

Starf meistaraflokks kvenna hefur aðeins dalað á milli ára en hafa þær þó haldið úti æfingum. Um 8-10 konur eru í hópnum en ljóst er að gera má betur þar og vonumst við til að hægt verða að efla starfið í framtíðinni.

Bumban heldur sínum sessi sem einn af máttarstólpum deildarinnar. Æfingar eru vel sóttar og alvanalegt að um 15 manns séu á æfingum og hópurinn mun stærri sem lætur sjá sig reglulega.

### **Fjármál og stuðningur**

Rekstur deildarinnar hefur áfram haldið að vaxa og á sama tíma að vera góð áskorun sérstaklega í árferði kórónufaraldursins. Aðal kostnaðarliðurinn sem fyrr hefur verið meistaraflokkur karla. Körfuknattleiksdeild hefur leitað ýmissa leiða til þess að fjármagna starfið og má þar helst nefna árlega sölu á síld, þorrabökkum, bolludagsbollum og sumarsnúðum fyrirliðans. Þessi vinna hefur aukið sýnileika deildarinnar í samfélaginu, vakið gott umtal og hefur deildin fundið góðan meðbyr í kjölfarið. Stjórnin vill þakka allan þann góða stuðning og velvilja sem okkur hefur verið sýndur bæði í formi fjárhagsstuðnings, vinnuframlags, annars konar stuðnings og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa komið að starfinu.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Sindra  
Elías Tjörvi Halldórsson

## **Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar Sindra**

Í stjórn frjálsíþróttadeildar Sindra er Berglind Steinþórsdóttir formaður, Ingólfur Baldvinsson gjaldkeri og Jónína Kristín Ágústsdóttir ritari.

Æfingar hafa gengið vel síðan við fengum nýjan þjálfara, Mariano Ferreyra. Æfingar hafa verið 3x í viku, bæði í Bárunni og í íþróttahúsinu. Æfingarnar eru á frjálsíþróttavellinum frá vori að hausti. Það er gaman að sjá hversu stór hópurinn er sem æfir frjálsar, það skiptir miklu máli að vera með góðan þjálfara. Við höfum farið úr því að vera með 5-7 iðkendur og vorum með 27 iðkendur síðastliðið ár á aldrinum 6-15 ára.

Sindraleikarnir voru haldnir þann 7. júlí og á þá mættu um 50 börn sem tóku þátt í hinum ýmsu greinum.

Á Egilsstöðum var haldin Sumarhátíð UÍA og í fyrsta skipti í mörg ár fóru keppendur og þjálfari á seinni daginn þar sem keppt var í frjálsum. Okkar keppendum gekk vel og gaman að sjá þennan flotta hóp sem vonandi á eftir að stækka og fara á enn fleiri mót saman. Eftir gífurlega gott gengi á Sumarhátíð UÍA var stefnan svo tekin á Unglingalandsmótið á Selfossi, en það var blásið af eins og svo margir aðrir fjölmennir viðburðir síðastliðin misseri.

Í haust fórum við í samstarf með Helgu Árnadóttur sem stofnaði Hlaupahóp Hornafjarðar og eru 43 iðkendur skráðir í hlaupahópinn sem æfir 3x í viku undir stjórn Helgu, þetta eru æfingar fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna. 1x í mánuði eru haldin hlaup þar sem frjálsíþróttadeildin aðstoðar við tímatöku og annað skipulag sem tengist þeim. Hlaupahópurinn fer stækkandi, búið er að auglýsa byrjendanámskeið sem hefst í mars og er stefnan tekin á ýmsa hlaupatengda viðburði sem eru fram undan.

Stjórn frjálsíþróttadeildar Sindra

### Ársskýrsla fimleikadeildar Sindra

Árið 2021 byrjaði vel hjá Fimleikadeild Sindra og voru iðkendur, þjálfarar og stjórnarmeðlimir tilbúnir fyrir komandi önn. Kórónuveiran setti þó strik í reikninginn enn og aftur og ekki var hægt að halda hina árlegu fimleikasýningu sem haldin er ár hvert í janúar vegna gildandi samkomutakmarkana.

Á vorönn bauð fimleikadeildin upp á 15% afslátt af æfingargjöldum til að koma til móts við foreldra vegna niðurfellingar á æfingum undanfarnar annir. Einar Smári tilkynnti okkur í upphafi árs að hann myndi láta af störfum sem yfirþjálfari fimleikadeildarinnar en lét hann af störfum í maí sl. Þökkum við honum kærlega fyrir samstarfið undanfarin ár og hans framlag til deildarinnar. Farið var á fullt að auglýsa eftir nýjum yfirþjálfara, bæði hérlendis og erlendis. Okkur barst svo í framhaldinu umsókn um starfið frá þjálfara í Svíþjóð en þurfti viðkomandi frá að hverfa vegna veikinda. Hefur deildin því verið starfandi án yfirþjálfara frá því í september. Hefur deildin óskað eftir aðstoð frá bæði FSÍ og framkvæmdarstjóra Sindra við að finna yfirþjálfara. Hafa aðrir þjálfarar deildarinnar því unnið undir miklu álagi en hafa svo sannarlega skilað af sér frábæru starfi. Án þeirra gætum við ekki haldið deildinni gangandi. Þörfin fyrir yfirþjálfara er mikil og vonumst við til að geta ráðið í stöðuna sem fyrst.

Þrátt fyrir að Covid hafi haft töluvert hamlandi áhrif á starfsemi íþróttafélaga var það þó með minna hætti en árið áður þar sem hægt var að halda úti æfingum að mestu leyti. Starfið náði að rétta sig töluvert af og iðkendum fór fjölgandi. Sveitarfélagið veitt okkur styrk til áhaldakaupa að upphæð 200.000 kr. þann 12. mars og þökkum við kærlega fyrir stuðninginn sem kemur sér vel í þeim áhaldakaupum sem framundan eru. Farið var í æfingaferð til Egilsstaða 13. - 14. mars sem vakti mikla lukku og gaman að sjá bættu aðstöðu hjá Hetti. Helgina 19. – 20. mars var deildin með danshelgi í íþróttahúsinu á Höfn sem lukkaðist vel en fengum við dansþjálfara frá Gerplu til okkar sem voru virkilega ánægðir með hópana okkar. Á uppstigningardag var strákunum okkar í 3. – 6. bekk boðið á vinamót hjá Hetti á Egilsstöðum sem heppnaðist vel og var orðið kærkomið að komast á mót eftir langt hlé en deildin hafð ekki fari á mót síðan 2019 vegna Covid. Í maí voru úrtökuæfingar fyrir landsliðið í hóp fimleikum og átti Fimleikadeild Sindra einn fulltrúa þar sem var Friðrik Björn Friðriksson. Við enduðum veturinn 2020-2021 með smá lokahófi þann 21. maí sem haldið var í Heklu, þar sem fimleikamaður Sindra 2021 var krýndur en var það Sóley Guðmundsdóttir sem hlaut titilinn enda vel að honum komin. Boðið var iðkendum og þjálfurum upp á pizzu og svala.

Haustönn hófst í september af fullum krafti og tókst okkur að halda úti nokkuð hefðbundnu starfi fyrir utan það að komast ekki á mót. Fundað var með þjálfurum í upphafi annar til að leggja línurnar fyrir komandi vetur. Í byrjun október buðum við þjálfurunum okkar út að borða í Pakkhúsinu og áttum með þeim góða samveru sem var kærkomið. Farið var í æfingarferð til Keflavíkur í október og var mæting einstaklega góð og heppnaðist ferðin vel í alla staði. Við breyttum aðeins fyrirkomulagi á tímum hjá leikskólahópum þar sem aðstaðan er orðin of lítil fyrir allan þann fjölda sem stundar leikskólafimleika.

Skiptum við iðkendum niður í fleiri hópa sem létti aðeins á starfseminni en þrengir þó enn töluvert að okkur. Foreldrar voru mjög ánægðir með þessar breytingar. Deildin hefur hug á því að færa leikskólafimleikana alfarið yfir í íþróttahúsið á Höfn haustið 2022 til að komast í betri aðstöðu og stærra rými. Um 60 iðkendur stunda leikskólafimleika og þurfa foreldrar yngstu þriggja árganganna að fylgja börnum sínum í tíma og er því fjöldinn mikill sem sækir Mánagarð á laugardögum. Eftir að gryfjan var sett upp í salnum hefur gólfplássið minnkað töluvert og er því aðstaðan orðin of lítil fyrir alla okkar starfsemi.

Hjá fimleikadeildinni störfuðu 16 þjálfarar á vorönn en 12 á haustönn. Eins og venjulega leggur fimleikadeildin ríka áherslu á menntun þjálfara og hefur það að markmiði að byggja upp öflugt þjálfarteymi sem styrkist mikið með hverju námskeiðinu. Hafa þjálfarar félagsins m.a. sótt námskeið á vegum FSÍ og ÍSÍ. Ekki var fjárfest í áhöldum á árinu 2021 en stefnt er að því á árinu 2022 að endurnýja töluvert áhöld sem notuð er í leikskólafimleikum og er sú vinna langt á veg komin. Auk þess verður fjárfest í fleiri áhöldum sem notuð eru á þrekæfingum iðkenda.

Þegar upp er staðið hefur starfið gengið nokkuð vel og iðkendum hefur fjölgað hægt og rólega sem við settum okkur að markmiði fyrir árið. Sóttvörnum er fylgt vel eftir í Mánagarði og húsvörður séð um að halda aðstöðunni hreinni. Þær breytingar urðu í stjórn fimleikadeildarinnar að Guðbjörg hætti á vormánuðum og þökkum við henni kærlega fyrir samstarfið og störf hennar fyrir deildina. Árdís Erna Halldórsdóttir óskaði auk þess eftir leyfi frá stjórnarstörfum í haust en kom aftur inn nú á nýju ári. Að lokum vill stjórn Fimleikadeildarinnar þakka öllum þeim sem lagt hafa deildinni lið með einum eða öðrum hætti.

Fyrir hönd stjórnar Fimleikadeildar Sindra

Ingibjörg Guðmundsdóttir

### **Ársskýrsla Sunddeildar Sindra**

Deildin hóf aftur störf eftir gott jólafrí í byrjun janúar 2021

Þjálfari er Mariano Ferreyra og aðstoðarþjálfari er hún Heiðdís Elva.

Æfingar voru hjá 1-2 og 3-7 bekk og svo var einnig Garpasund. Æfingar voru vel sóttar og hefur fjölgun í deilinni orðið töluvert. Því miður var ekkert innanfélagsmót þetta árið og ekki var farið í neinar keppnisferðir og ekki var farið í æfingarbúðir með börnin.

Við héldum úti sumarsundæfingum fyrir grunnskólabörnin og fannst þeim gaman að fá að synda í sól og hita. Í sumar vorum við með 2x 2ja vikna forskólasund fyrir 4 og 5 ára börn og var það mjög vel sótt. Íformi var haldið í september og keppt var í sundi og sigurvegari í 50 m. skriðsundi og 50m bringusundi kvenna var Hulda Laxdal. Allt árið erum við að safna dósum fyrir starfið, en það er nú ekki mikið þetta árið.

Erla Berglind Antonsdóttir formaður.

Jónína Björk gjaldkeri

## Skýrsla stjórnar Badmintondeildar Sindra

Þann 20. nóvember 2021 var Badmintondeild Sindra stofnuð. Undanfarin ár höfum við starfað sem hópur en ekki verið formlega innan UMF. Sindra.

Á stofnfundinum var kjörin stjórn deildarinnar. Stjórnina skipa:

Sigurborg Jóna Björnsdóttir, formaður.

Hafrún Eiríksdóttir, gjaldkeri.

Hjörvar Freyr Björnsson, ritari.

Covid takmarkanir höfðu nokkur áhrif á starfið líkt og annarsstaðar. Við fengum í upphafi einn tíma í viku úthlutaðan en fengum svo afnot af öðrum tíma þegar leið á veturinn. Mætingin hefur verið góð eða upp undir 20 manns þegar best lét.

Við höldum úti æfingum allt sumarið.

Stefnan fyrir næsta ár er að heimsækja nágretta okkar á austurlandi og etja kappi við þau í badminton.

Fyrir hönd stjórnar, Sigurborg Jóna Björnsdóttir

## Starfsskýrsla UMF. Mána

Aðalfundur Mána var haldinn 24. apríl í Mánagarði og á hann mættu 5 manns. Stjórnin hélt áfram og inn í varastjórn kom Þorgrímur Tjörvi Halldórsson

Stjórn: Björn Ármann Jónsson, formaður, Ásta Steinunn Eiríksdóttir, gjaldkeri og Anna Lilja Ragnarsdóttir, ritari.

Til vara eru: Halldór Einarsson og Þorgrímur Tjörvi Halldórsson

88. ársþing USÚ var haldið í Mánagarði og mættu þar fimm fulltrúar Mána. Var Sigurður Óskar gjaldkeri USÚ sæmdur silfurmerki ÍSÍ fyrir mikið og gott starf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Hannes Halldórsson var kosinn í varastjórn USÚ.

Hátíðarhöldin á þjóðhátíðardaginn 17. júní voru haldin með hefðbundnu sniði. Gengið var frá Skriðu meðfram Ketillaugarfjalli til baka í Mánagarð þar sem var grillað og farið í leiki.

Kiwanismenn settu upp jólatré á kirkjuhæðinni við Laxá í lok nóvember og f auk það nánast strax niður að girðingunni við Laxá. Stuttu seinna var það fóru Halldór í Þinganesi og Jónsi á Stapa og drógu það upp og skreyttu með seríu.

Þrettándagleði Mána var haldin með sama sniði og í fyrra þ.e.a.s. engin brenna en Björgunarfélagið var með glæsilega flugeldasýningu við Laxárþakka. Mættu þar tugir ef ekki hátt í hundrað manns og nutu sýningarinnar í frábæru flugeldaveðri

Björn Ármann Jónsson, formaður Umf. Mána

## Starfsskýrsla UMFÖ

Starfsskýrsla UMFÖ gerð í apríl 2022, yfir starfið árið 2021

Heimsfaraldur kórónaveirunnar covid-19 litaði starf félagsins allt árið: rík áhersla var á að hlýða tilmælum þríeykisins sem skipað var af sóttvarnalækni, landlækni og fulltrúa almannavarna. Með markvissum aðgerðum þríeykisins og samstarfi almennings í landinu tókst að draga úr útbreiðslu og þar með skaðlegum áhrifum kórónaveirunnar, við eins og landsmenn allir tókum þátt í því – fyrst og fremst með því að gera sem minnst og hittast sem fæst og sjaldnast!

Búið var að skipuleggja ráðstefnu í Hofgarði í apríl þar sem rannsóknir gerðar af Örfæingum eða í Örfæum yrðu kynntar. Því miður varð að fresta viðburðinum vegna strangra samkomutakmarkana. En hugmyndin var skemmtileg og skipulagið býður þess að komast í framkvæmd síðar.

2. júní var aðalfundur UMFÖ haldinn í Hofgarði. Þar voru kynnt endurskoðuð lög félagsins og þau samþykkt samhjóða. Eldri löggin voru samin þegar sjálfstæðisbaráttan stóð sem hæst, en nú höfum við náð sjálfstæði frá Dönnum, stjórnin ákvað því að nýja áherslan yrði á að bæta samfélagið sem við búum í.

Svanhvít Helga Jóhannsdóttir hefur staðið fyrir tónlistarviðburðum sem kallast Opinn hljóðnemi/open mic, í félagi við tónlistarmanninn Daniel Saulite. Þá er öllum frjálst að skrá sig til leiks og taka lagið eða spila á hljóðfæri, Dan hefur leikið undir hjá þeim sem þess óska. Að þessu sinni voru tvö slík tónlistarkvöld í Örfæum, hið fyrra var að kvöldi 2. júní og hið seinna var 29. júní. Þetta voru afar vel heppnaðir viðburðir og með fjölbjóðlegum svip þar sem tónlist og flytjendur frá ýmsum löndum fengu að njóta sín. UMFÖ hefur styrkt þessa viðburði.

27. júní var þjóðhátíð fagnað með humarveislu. Í gamla daga tíðkaðist að fresta 17. júní hátíðahöldum að fyrsta góðviðrisdegi ef veðrið var leiðinlegt á þjóðhátíðardaginn. Í ár ákváðum við að endurvekja þessa hefð því það var spáð úrhellisrigningu. Humarhátíðin á Höfn var með breyttu sniði í ár vegna heimsfaraldursins, þar var hvatt til að hafa viðburði dreift um sveitarfélagið í stað stórrar hátíðar á Höfn. Stjórn UMFÖ ákvað að slá tvær flugur í einu höggi og við vorum með þjóðhátíðar-humarsúpu í Svínafelli. Um 40 manns mættu og nutu dagsins í góðu veðri: gönguferð, leikir, humarsúpa, kaffi og skemmtilegar samræður gerðu þetta að vel heppnuðum degi.

30. júní söng Örfæinga kórinn á Sumarhátíð Vatnajökulspjóðgarðs í Skaftafelli. Steinunn Björg Ólafsdóttir er lærð söngkona og hefur þjáfað kórinn, m.a. með hjálp tækninnar því hún setti upptökur af öllum röddum í öllum lögnum inn á læst hólfa á netinu svo við gætum æft okkur hvert í sínu horni, á tímum samkomutakmarkana.

16. júlí var lokadagur í nokkurra daga námskeiði Klifurfélags Örfæfa. Klifurfélag Örfæfa hélt klifurnámskeið á Hnappavöllum fyrir 5-12 ára börn. Öll höfðu börnin tengingar við Örfæfin, flest búsett þar eða á Höfn. Námskeiðið lukkaðist vel og var mikil ánægja meðal barnanna og foreldra þeirra. UMFÖ styrkti KÖ bæði fjárhagslega og með láni á tjaldi til námskeiðshaldsins.

26.-27. nóvember hélt Courtney Brooks hjólaskautaviðburð í Hofgarði. Börnin úr leik- og grunnskólanum fengu sérstaka tíma, en síðan voru opnir tímar fyrir alla aldurshópa bæði á föstudagskvöldið og á laugardeginum. UMFÖ styrkti viðburðinn sem var vel sóttur og hópurinn endurspegladi breytt samfélag því þar voru bæði Örfæingar sem gátu rakið ættir sínar allt aftur í landnámið og margir sem höfðu flust til landsins á allra síðustu árum. Einnig komu nemar úr fjallanámi FAS. Mjög vel heppnað og við þökkum Courtney fyrir frumkvæðið og framkvæmdina.

En svo kom enn ein covid bylgja og landsmenn hvattir til að halda sig til hlés, af þeim sökum var jólaball UMFÖ tekið af dagskrá.

Sigrún Sigurgeirsdóttir, formaður UMFÖ

### **Skýrsla stjórnar Skotfélags Hornafjarðar**

Skotfélag Hornafjarðar hefur ekki farið varhluta af Covid 19 frekar en aðrir í þessu samfélagi og einkenndist árið mikið af því en samt sem áður réðst skotfélagið í að taka fyrir riffil húsi og keyra mól í veg að því og eins að keyra mól í Sporting völlinn til að hægt verði að steypa upp palla og sökkla fyrir kastvélar . Innheimta félagsgjalda hefur gengið vel.

Mikil notkun hefur verið á svæðinu þó að ekki hafi verið auglýstir opnunartímar en riffill völlurinn hefur staðið fólki til boða og hefur nýtingin á honum stór aukist síðustu ár og er því ekki lengur komist hjá því að reisa riffil hús til að takmarka en frekar þann hávaða sem af rifflinum hlýst.

Félagar skotfélagsins tóku þátt í nokkrum skotmótum á árinu bæði á Akureyri og Siglufirði og stóðu þeir sig með miklum sóma.

Árið 2022 verður spennandi og verða settar upp æfingar og keppnir sem aldrei fyrr.

Stjórn Skotfélags Hornafjarðar

### **Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Hornafjarðar**

Árið 2021 var 50 ára afmæli klúbbsins og var búið að ákveða að á afmælisári yrði ráðist í viðgerðir og endurbætur á húsi félagsins en það var komin tími á margt þar og má þar helst nefna gluggana sem nú er búið að skipta um og lagfæringar á veggjum í kringum þá en þar voru komnar fram nokkrar skemmdir sökum leka. Í leiðinni var hafist handa við breytingar á öllu innan húss og standa þær framkvæmdir enn yfir. Að þessari vinnu hafa þó nokkrir einstaklingar lagt til mikla og ómetanlega sjálfboðavinnu en án þeirrar vinnu væri þetta ekki hægt. Það væri erfitt að ætla að telja upp þá aðila sem að þessu hafa staðið án þess að eiga á hættu að gleyma ekki einhverjum en við færum þessu fólki bestu þakkir fyrir þeirra mikla framlag.

Það má segja að starfið á árinu hafi verið afar kraftmikið, snemma á árinu var send út beiðni um aðstoð félagsmanna til að koma og rífa og hreinsa út úr húsinu það sem þurfti og gera klárt undir endurbætur, margir félagar svöruðu kallinu og allt gekk fljótt og vel. Ekki löngu seinna sendum við út aðra beiðni um sjálfboðaliða en þá var komið að okkar árlega vor starfsdegi og hópur fólks mætti til að þrifa og taka til og gera klárt fyrir sumarið. Félagsmenn komu einnig að viðhaldi vallarins og sem dæmi má nefna að æfingasvæði golfklúbbsins fékk upplýtingu með nýjum lengdar merkispjöldum og síð sumars fengum við harpaða mól frá Litla Horni sem lögð var á göngustíginn yfir á 4 braut. Einnig voru sett ný teigskilti með örnöfnum brauta og auglýsingum .

Við þökkum öllu því fólki sem að þessu hefur komið þakkir fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Hjá golfklúbbum var einn starfsmaður, Sigurður Guðni Hallsson, á launum við vallarumhirðu og viljum við lýsa ánægju okkar með störf hans.

Árið var samt ekki eintóm vinna það var líka spilað golf og haldin mót. En félagsmönnum buðust fjölmörg mót á árinu sem voru vel sótt af félögum golfklúbbsins. En mótanefnd mun fara betur yfir það. Kvennagolf er öflugur félagsskapur innan klúbbsins og þar eru haldnar ýmsar uppákomur sem eru oft óhefðbundnar en örugglega skemmtilegar, má þar nefna hefðameyjamótið sem haldið var um mitt sumar en þar mátti sjá uppábúnað konur með hatta spila golf og gera sér glaðan dag.

144 félagar voru skráðir í klúbbinn á árinu 58 konur og 86 karlar. Og fyrir þá sem hafa gaman af tölum þá er fjölmennasti hópurinn á aldrinum 40-59 ára og stærsti forgjafarhópurinn er með skráða forgjöf frá 37-54

Yfir sumarið var rekstur golfskálans í höndum Þorsteins Magnússonar en ekki er endanlega komið í ljós hvernig þeim málum verður háttað á komandi sumri.

Halldór Sævar Birgisson bauð upp á golfkennslu yfir sumarið sem er til mikilla bóta fyrir félagið þar sem aðgangur að golfkennslu ýtir undir þátttöku fólks í þessari skemmtilegu íþrótt sem golfið er.

Golfklúbburinn bauð nú sem fyrri sumur upp á golfæfingar fyrir börn og unglunga en Laufey Hafsteinsdóttir og Birgir Leó Halldórsson sáu um það og stóðu sig með þryði í því verkefni.

Segja má að vegna farsóttarinnar hafi ásókn í golf á Íslandi aldrei verið meiri og fékk GHH að njóta þess í sumar þó ekki hafi verið sami gestagangur og árið 2020 sem verður sennilega að teljast met ár.

Ég vil minna féлага á heimsíðu klúbbsins ghgolf.is og einnig höldum við úti tveimur facebook síðum þ.e. síða golfklúbbsins og síða kvennagolfsins.

Í vetur er búið að vinna að því, að áeggjan sveitarfélagsins að gera golfklúbbinn að fyrirmyndarfélagi og er sú vinna nú búin þannig að innan tíðar getum við sagt að Golfklúbbur Hornafjarðar er orði að fyrirmyndarfélagi ÍSÍ. Þetta felur í sér nokkrar breytingar sem helst eru á höndum stjórnar en það eru líka atriði sem snúa að hinum almenna iðkanda t.d. hvað varðar samskipti, umhverfið og almenna umgengi.

Stjórnin óskar félögum góðs og gleðilegs golfsumars.

Hornafirði, 22. febrúar 2022 Stjórn GHH

### **Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings**

Hér verður stiklað á því helsta sem fór fram hjá Hestamannafélaginu Hornfirðings starfsárið 2021. (skýrsla æskulýðsnefndar sér.)

Það var heldur minna um uppákomur þetta árið vegna Covid en þó var ýmislegt gert.

Firmamót var haldið 15. maí og var ágætis þátttaka í því, Félagsmót var haldið 26 og 27 júní í blíðskaparveðri þar sem voru 65 skráningar.

Bjarney Jóna og Ómar Ingi voru með reiðnámskeið sem gengu ágætlega þó ekki næðist að klára þau vegna ýmissa ástæðna.

Ljósleiðaratenging kom í Stekkhól í júní og er uppfærður sem styrkur frá Sveitarfélaginu til Hestamannafélagsins Hornfirðings og færum við Sveitafélaginu kærar þakkir fyrir.

Geir og Björk styrktu æskulýðsstarf um 250 þúsund og færum við þeim kærar þakkir fyrir það.

Hestamannafélagið gerði samning við FAS um afnot af aðstöðu Hestamannafélagsins vegna Hestabrautar sem fór af stað núna í haust og það má þess geta að 22 nemendur voru skráðir á Hestabraut FAS haustið 2021.

Fundur um Hrossarækt með Sveini Steinarsyni og Elsu Albertsdóttur var haldin í fjarfundarbúnaði í húsnaði Skinneyjar-þinganness núna í haust í boði Gunnars Ásgeirs bónda á Fornustekku.

2,5 mill komu til Reiðvegagerðar þetta árið og fóru þær í endurbætur og lagningu nýs vegar á Öddahring.

Ýmsir reiðtúrar voru farnir á árinu á vegum útreiðanefndar og ber helst að nefna að farið var um Páskana Minkahringinn og riðið út á Horni þar sem Ómar og Jasmíne grilluðu pylsur í lok reiðtúrar handa fólki.

Síðasta haust var klárað að taka skíthauga frá hesthúsum og fóru flestir í að losa skít í gáma, einnig var keyrð mól þar sem skítahaugarnir stóðu þannig að nú getur fólk lagt bílum þar frekar en við hesthús.

Palli er búin að setja vatnshitara í Félagshesthús þannig að það er komið heitt vatn í krana á kaffistofu og salerni.

Hafrún er búin að vera fulltrúi Hornfirðings í nefnd á vegum USÚ í endurskoðun á skiptingu Lottótekna og fór hún á einn fund í mars '21 með lottó nefndinni, þar var nefndin sammála um að það þyrfti að setja upp skýrari reglur um af hverju félög fá þessa prósentu og hina. Fór fram smá vinna með að setja upp skjal þar sem ýmsar útfærslur voru settar fram. Áætlað var að halda fleiri fundi eftir að við værum búin að ræða við stjórnir okkar félaga og ræða hvernig fólki leist á. Varð ekkert af næstu fundum vegna Covid. Svo kom aðalþing USÚ og farið var lauslega yfir plön okkar. Ekki hefur verið fundað aftur, því lítið gerst í þessari nefnd.

Kv. Stjórn Hornfirðings.

### **Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Hestamannafélagsins Hornfirðings**

Áður en vetrarstarfið hófst í félagshesthúsi Hornfirðings var auglýstur hesthúsþrífadagur hjá þeim sem voru með stíur á síðasta tímabili, laugardaginn 22. ágúst 2020 mættu síðan krakkar og fullorðnir og öll aðstaðan var þrífing og sótthreinsuð. Á sama tíma mættu félagsmenn til að þrifa reiðhöllina og gera hana klára fyrir vetrarstarfið. Vegna samkomutakmarkana, út af Covid, voru hestar ekki teknir inn í félagshesthúsið fyrr en um mánaðarmótin nóvember-desember. Æskulýðsstarf hófst strax í kjölfarið m.a. með því að Snæsa mætti í félagshesthúsið til að aðstoða krakkana með hestana í reiðhöllinni, ca. aðra hvora viku til að byrja með.

Æskulýðsbíkar LH kominn í hús hjá Hornfirðingi fyrir starfsárið 2019-2020 Hestamannafélagið Hornfirðingur, hlaut hinn eftirsóttu Æskulýðsbíkar LH fyrir starfsárið 2019-2020. Æskulýðsnefnd LH veitir á hverju ári Æskulýðsbíkar LH, því hestamannafélagi sem þykir hafa skarað framúr með sínu starfi að æskulýðsmálum. Valið byggir á ársskýrslum æskulýðsnefnda félaganna, sem sendar eru inn til



æskulýðsnefndar LH á haustin og hefur nefndin það verkefni að velja bestu skýrsluna. Tilkynnt var um valið á Landsþingi hestamanna sem haldið var á netinu vegna samkomutakmarkana. Þessi viðurkenning frá Landsambands hestamanna er í senn, mikill heiður og hvatning fyrir æskulýðsstarfið hjá hestamannafélaginu Hornfirðingi.

Fulltrúi Hornfirðings í unglingsflokki, Friðrik Snær Friðriksson frá Lækjarhúsum, tók þátt í Meistaradeild Líflands og æskunnar sem haldið var í TM höllinni í Fáki frá 6. febrúar og fram í apríl. Keppnin var bæði liðakeppni og einstaklingskeppni og keppti Friðrik ásamt þremur öðrum krökkum fyrir lið Nettó, en Samkaup sem rekur Nettó verslanir um allt land og vill styrkja æskulýðs- og íþróttastarf á landsbyggðinni og við þökkum þeim fyrir veittan stuðning.

Friðrik Snær keppti í fimm greinum á fjórum hestum og stóð sig mjög vel. Það fer mikill tími í undirbúning og ferðalög fyrir knapa og aðstoðarfólk, kostnaður við ferðir og uppihald er mikill og erfitt að sækja styrki upp í ferðakostnað. En með þátttöku í þessari vinsælu mótaröð öðlaðist Friðrik Snær dýrmæta reynslu í reiðmennsku og framkomu í keppni, hann kynntist fjölda af krökkum sem eru öll með brennandi áhuga á hestaíþróttinni. Aðrir ungir knapar hjá Hornfirðingi fylgdust með félagi sínum í mótaröðinni og stefna sjálf á þátttöku í framtíðinni.

Í febrúar og mars var Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir, reiðkennari og félagi í Hornfirðing með reiðnámskeið (helgarnámskeið) í reiðhöllinni. Hún bauð upp á einkatíma þar sem hún aðstoðaði fólk við að þjálfra hestinn sinn, allt eftir aðstæðum hvers og eins. Bjarney Jóna aðstoðaði síðan keppendur í barna- og unglingsflokki við æfingar fyrir félagsmótið í júní og síðan var hún með æfingar Hellu fyrir Suðurlandsmót, yngri flokka, sem haldið var á Hellu um miðjan ágúst. Einnig var Friðrik Snær vinnumaður Bjarney og Hlyn að Svanavatni í sumar og naut þá leiðsagnar þeirra við að þjálfra keppnishross sem hann var með.

Þann 16. mars var undirritaður samningur milli Hestamannafélagsins Hornfirðings og FAS um aðstöðu í reiðhöllinni við Stekkhól fyrir verknám í hestamennsku. Nám hefst í FAS haustið 2021 með bóklegum áfanga og á vorönn 2022 verða kenndir þrjú áfangar, einn bóklegur og tveir verklegir. Verklega kennslan verður að mestu í reiðhöllinni við Stekkhól. Námið í hestamennsku er alls 20 einingar og er byggt á námi frá FMOS - Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Hér er um tímamótasamning að ræða því þetta er í fyrsta skipti sem FAS býður upp á formlegt framhaldsskólánám í hestamennsku. Námið getur nýst eitt og sér eða sem hluti af námi í framhaldsskólabraut og einnig sem hluti af námi til stúdentsprófs. Nám á hestamenskubraut hófst formlega í FAS þann 18. ágúst. Það eru 22 nemendur skráðir í námið sem er einstaklingsmiðað nám sem hentar vel fyrir einstaklinga sem eru komnir út á vinnumarkaðinn. Námið undirbýr nemendur til að verða aðstoðarmenn í hvers konar hestatengdri starfsemi, svo sem á hestabúgörðum, við hestatengda ferðaþjónustu eða hjá öðrum sambærilegum fyrirtækjum.

Vornámskeið fyrir börn á grunnskólaaldri var haldið í reiðhöllinni tvær helgar í apríl og maí. Snæbjörg Guðmundsdóttir, (Snæsa) í Lækjarhúsum var leiðbeinandi á námskeiðinu og var með eldri krakka úr æskulýðsstarfinu, sér til aðstoðar. Mikill áhugi var fyrir námskeiðinu og í allt tóku þátt um 20 börn, sem fengu lánaða hesta og reiðtygi hjá Snæsu. Um mánaðarmótin júní/júlí, eða strax eftir félagsmót Hornfirðings, var haldið viku sumarnámskeið fyrir börn- og unglinga í Lækjarhúsum og síðan var haldið annað sumarnámskeið dagana 9.- 14. ágúst á sama stað. Á námskeiðinu fengu krakkarnir að spreyta sig á ýmsum æfingum á hestunum, síðan var farið í útreiðartúr í sveitinni. Mikil lukka var með þessi námskeið hjá krökkunum og foreldrum þeirra.

Unga fólkíð í Hornfirðingi lét sig ekki vanta í keppni á Ístölta Austurlands, sem venjulega er haldið um miðjan febrúar en að þessu sinni varð að fresta mótinu vegna veðurs til 10. apríl. Haldið var af stað með hesta og knapa degi fyrir mót og gíst á Útnyrðingsstöðum hjá Stefáni Sveinssyni og hestarnir fengu hesthúspláss hjá Ellen vinkonu okkar á Gíslastöðum. Mótið var haldið á frosinni grasbraut á Stekkhólma í ágætu veðri og krakkarnir okkar stóðu sig öll frábærlega og voru til fyrirmyndar. Elín Ósk og Ísafold frá Kirkjubæ fengu 7,50 í Tölta T7.

Óvenjulítið var um mótahald hjá hestamannafélaginu í reiðhöllinni í vetur og á vellinum í vor vegna gildandi samkomutakmarkana. Firmakeppni Hornfirðings var haldinn 15. maí og þar voru ungu knaparnir okkar áberandi í flokki 17 ára og yngri. Félagsmót Hornfirðings var haldið helgina 26. – 27. júní 2021 á félagssvæðinu að Fornustekjum. Þar voru keppendur úr æskulýðsstarfi félagsins áberandi, en þau tóku þátt í polla-, barna-, og unglingaflokki, í gæðingatölti 17. ára og yngri, 100m skeiði og 300m stökki. Farið var í útreiðartúr á laugardagskvöldið upp bakkana við Hoffellsá í frábæru veðri og unga fólkíð okkar kom með.

Nokkrir félagar í Hornfirðingi fóru á hestaþing Kóps á Kirkjubæjarklaustri sem haldið var 24. júlí 2021 að Sólvöllum í Landbroti. Veðrið lék ekki við keppendur og áhorfendur og völlurinn var ansi blautur og þungur. Verðlaunaafhending fór fram innanhúss og þar var boðið upp á grillaðar pylsur og meðlæti. Okkar fulltrúar kepptu í barna-, unglingaflokki, B-flokki og tölti og náðu góðum árangri með hesta sína.

Suðurlandsmót, yngri flokka (íþróttakeppni) var haldið á Hellu 14. – 15. ágúst 2021. Þar tóku þátt, þrír fulltrúar Hornfirðings í fjórgangi, tölti og 100m skeiði og náðu sér í góða reynslu í íþróttakeppni. Friðrik Snær var í verðlaunasæti í 100m skeiði á Sleipni frá Hlíðarbergi.

Hæfileikamótun 2021-2022 á vegum LH hófst í október 2021 með heimsókn að Hólum í Hjaltadal. Þátttakendur fengu tækifæri til að dvelja eina helgi að Hólum, kynnast háskólanum, fá afnot af aðstöðunni og skólahestunum sem hafa mikilvægt hlutverk í skólanum, fá að upplifa sýnikennslu og aðstoð við reiðkennslu frá kennurum skólans. Alls bárust 48 umsóknir um þátttöku og 28 krakkar fengu aðgang og þar af voru tveir fulltrúar frá Hornfirðingi, þau Friðrik Snær Friðriksson og Elín Ósk Óskarsdóttir. „Með því að vera komin í hæfileikamótun eru þátttakendur orðin hluti af afreksstarfi LH – þú hefur hugðun innan vallar sem utan er nauðsynleg til að fá að vera þátttakandi í þessu starfi“, segir yfirkennarinn Sigvaldi Lárus Guðmundsson reiðkennari sem mun kenna öllum hópnum ásamt einum aðstoðarkennara hverju sinni.

Þrátt fyrir samkomutakmarkanir vegna Covid faraldursins var þó nokkuð um að vera hjá æskulýðsnefnd Hornfirðings. Í upphafi starfsársins var útbúið viðburðadagatal þannig að krakkarnir gátu sett sér markmið í undirbúningi fyrir viðburði innan félagsins og síðan ýmiss mót og námskeið sem þau vildu taka þátt í. Eitt verkefni hefur verið að þróast í stærra fjáröflunarverkefni hjá okkur í æskulýðsnefnd, en það eru sýningar á hestavellinum fyrir erlendra ferðamanna sem koma hingað með skemmtiferðarskipum. Þar hafa krakkarnir komið fram í íslenskum lopapeysum og sýnt gangtegundir íslenska hestsins og spjallað við fólkíð á eftir og leyft þeim að taka myndir og klappa hestunum. Á komandi starfsári munu krakkarnir sjá um setja upp nokkrar slíkar hestasýningar og vinna þannig fyrir tekjum í æskulýðsstarfið.

Með tilkomu reiðhallarinnar og félagshesthússins er nú hægt að búa til samfellu í æskulýðsstarfi og námskeiðahaldi þannig að krakkarnir okkar geta skipulagt sig fyrir tímabilið eins og gert er í öðrum íþróttageinum. Einnig er mikilvægt að foreldrar og forráðamenn taki þátt í starfinu með okkur með heimsóknum í félagshesthúsið, kaffistofuna og reiðhöllina. Þegar farið er í keppnisferðir á mót eða á

námskeið eða slíkt, þá geta foreldrar komið með, til að veita stuðning og hlúð um leið að hinum félagslega þætti sem er hluti af hestamenskunni. Við sem störfum að æskulýðsmálum út á landi, þurfum að leggja enn meira á okkur til að krakkarnir okkar geti tekið þátt í hestamenskunni á landsvísu t.d. ferðalög með hesta og mannskap, oft um langan veg. Við erum svo heppin í Hornfirðingi, að hafa aðgang að frábæru fólki eins og Snæsu og Frikka í Lækjarhúsum, sem reka þar tamningastöð og hestaleigu en þau hafa lánað hesta sem hafa verið notaðir á námskeiðum fyrir krakka á öllum aldri mörg undanfarin ár. Í sumar tóku þau þátt í stóru kvikmyndaverkefni sem var í tekið upp á nokkrum stöðum í Hornafirði með fjölda af hestum og mannskap, þau sáu um að þjálfra leikara á hestbaki og síðan léku þau sjálf í hestaatriðum ásamt nokkrum krökkum í æskulýðsstarfinu. Við getum seint fullþakkað henni Snæsu fyrir dugnað hennar í starfi að æskulýðsmálum fyrir hestamannafélagið.

Hornafirði, í október 2021

F.h. Æskulýðsnefndar Hornfirðings, Pálmi Guðmundsson

### Ársskýrsla Klifurfélags Öræfa 2021

Starf Klifurfélags Öræfa mótaðist af heimsfaraldri en vegna þess var ekki hægt að auglýsa opnun klifurveggjarins í Káraskjólum þar sem Landsbjörg mælti með að björgunarsveitir takmörkuðu aðgengi að húsum sínum eins og hægt var. Með vorinu létti á takmörkunum og klifrarar hittust á ný í Káraskjólum.

Mery Gonzalez þjálfaði börnin í Öræfum einu sinni í viku og gekk það starf mjög vel. Á vormánuðum keypti félagið fleiri klifurgrip til að bæta enn meiru í gripaflórana (appelsínugul, fjólublá og hvít grip). Nú má ætla að við eigum klifurgrip fyrir um 1,5 milljón.

Sumarið var með eindæmum veðursælt og mikil stemning var fyrir útiklifrni í Öræfum. Mery og Íris Ragnarsdóttir, ásamt Maríönnu Óskarsdóttur og Árna Stefáni héldu klifurnámskeið fyrir 12 börn á aldrinum 4-12 ára á Hnappavöllum og í Káraskjólum. Námskeiðið fylltist fljótt og börnin komu úr Öræfum, frá Höfn og af höfuðborgarsvæðinu. Einn dag rigndi og þá var gott að geta haldið inn í Káraskjól og klifrað þar. Ánægjan var mikil með námskeiðið og það var gaman að sjá börnin skemmta sér saman. Við fengum mikla hjálp frá foreldrum í Öræfum og UFMÖ við framkvæmd námskeiðsins.

Fjallamenskunám FAS naut einnig góðs af aðstöðu KFÖ í Káraskjólum og bauð nemendum í klifur og æfingar þar innanhúss. Courtney Brooks tók við krakkaklifrinni síðasta haust og hafa börnin orð á því að miðvikudagur sé besti dagur vikunnar því þá klifra þau.

Í lok árs 2021 sendi KFÖ ásamt, FAS, AIMG og ÍSALP erindi til Vatnajökulsþjóðgarðs varðandi byggingu fjallaskála á Sandfelli. Svar barst í janúar 2022 og er verkefnið í áframhaldandi vinnu.

Fyrir hönd stjórnar, Íris Ragnarsdóttir Pedersen

**Skýrsla hafði ekki borist frá Akstursíþróttafélagi Austur-Skaftafellssýslu þegar gengið var frá ársritinu**

---

**Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, tók ársritið saman.**